

Lög Barþjónaklúbbs Íslands

1. Nafn félagsins er Barþjónaklúbbur Íslands skammstafað BCI.
2. Markmið klúbbsins er að efla og bæta starf og menntun barþjóna, með því að taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi barþjóna og efla barmenningu á Íslandi.
3. Klúbburinn tekur ekki neina afstöðu til stjórn mála og hefur engin afskipti af kjaramálum félaga sinna.
4. Rétt til inngöngu hafa allir sem áhuga hafa á að efla barmensku á Íslandi. Stjórn BCI hefur völd til þess að vísa meðlimum úr klúbbum.
5. Stjórn BCI getur kosið heiðursfélaga, en eingöngu með samhljóða atkvæðum og ef viðkomandi hefur þjónað klúbbum á sérstakan hátt.
6.
 - a. Árgjald skal ákveðið á aðalfundi fyrir eitt ár í senn.
 - b. Þeir sem skulda árgjald fyrir aðalfund hafa ekki kjörgengi eða rétt til setu á aðalfundi.
7.
 - a. Forseti er kosinn til tveggja ára.
 - b. Á hverju ári eru kostnir sex stjórnarmenn, þrjú til tveggja ára og þrjú til eins árs í senn.
 - c. Endurskoðendur eru kostnir til eins árs í senn.
 - d. Stjórnin skiptir með sér verkum að loknum aðalfundi.
8.
 - a. Stjórn Barþjónaklúbbsins skipa 7 menn, forseti, varaforseti, ritari og meðstjórnendur.
 - b. Forseti hefur á hendi yfirstjórn allrar starfsemi klúbbsins, hann hefur einnig eftirlit með að lögum klúbbsins sé fylgt í einu og öllu.
 - c. Endurskoðendur sjá um að endurskoða og árita reikninga klúbbsins.
 - d. Stjórn heldur skrá yfir fundarsókn félagsmanna.
9. Keppnisrétt á Íslandsmóti BCI hafa allir skuldlausir meðlimir.

10. Hagsmunaráð BCI.

- a. Í Hagsmunaráði eru eingöngu fyrrverandi forsetar, fyrrverandi stjórnarmenn og aðrir aðilar sem eru 45 ára og eldri og hafa áður verið í Barþjónaklúbbum.
- b. Gjaldkeri BCI er fulltrúi úr hagsmunaráði og annast allt reiknishald klúbbsins, innheimtir árgjöld og fleira, hann skal leggja fram endurskoðaða reikninga fyrir umliðið starfsár klúbbsins.
- c. Hagsmunaráðið velur sér sjálft fulltrúa í ráðið í framtíðinni og velur gjaldkera fyrir BCI.
- d. Tilgangur Hagsmunaráðs Barþjónalúbbs Íslands er að gæta velferðar klúbbsins til að mynda varðandi meðhöndlun á fjármálum, eigum, nafni klúbbsins og orðspori, sögu og hefðum, gæta aðildartengsla við IBA og keppnisréttar klúbbsins og reglna ásamt öðru sem hugsanlega gæti skaðað velferð klúbbsins.
- e. Stjórn BCI verður að bera allar stóra ákvarðanir er tengjast málefnum 10.d undir hagsmunaráð og lúta ákvörðunar þess sé þess þörf.

11. Komi félagsmaður hneykslanlega fram innanlands eða á alþjóðavettfangi skal stjórn kalla saman stjórnarfund og fulltrúa úr hagsmunaráði til að ákveða refsingu.

12. Dagskrá aðalfundar.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar klúbbsins
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun árgjalds
6. Stjórnarkosning
7. Kosning endurskoðenda
8. Alþjóðlegt samstarf
9. Framtíðarhorfur og skipulag
10. Önnur mál

13. Lögum klúbbsins er aðeins hægt að breyta á aðalfundi og þarf 2/3 atkvæða til að lagabreyting öðlist gildi. Lagabreytinga skal getið í fundarboði.